



STARFSSKÝRSLA



Leikskólinn Álfheimar

2020 – 2021

VIRÐING – HLÝJA - TRAUST



Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
1. Skólastarfið 2019-2020.....	5
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun skólaársins 2019-2020.....	6
2.1. Innra mat leikskólans.....	6
2.1.1. Starfsmannasamtöl.....	6
2.1.2. Starfsmannakönnun	6
2.1.3. Tími, fjármagn, mannauður og búnaður	6
2.1.4. Samstarf leik og grunnskóla.....	7
2.1.5 Samstarf heimila og skóla.....	7
2.1.6. Kennslu og uppeldishættir.....	7
2.1.7. Umbótaætlun	7
2.1.8. Námsvið og daglegt starf	8
2.1.9. Hljóm-2	10
2.2. Matsáætlun	11
3. Börn, foreldrar og annað samstarf	13
3. 1. Barnahópurinn.....	13
3.1.1. Fjöldi barna sem nutu sérstaks stuðnings	13
3.1.2. Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála.....	14
3.2. Foreldrasamvinna	14
3.2.1.Foreldraráð.....	14
3.2.2. Foreldrafundir.....	14
3.2.3. Foreldraviðtöl	14
3.2.4. Foreldrafélag.....	14
3.3.Fréttabréf	14
3.4.Samstarf, fræðsla og ráðgjöf	14
3.4.1.Samstarf við skólabjónustu Árborgar	14
3.4.2.Samstarf leik- og grunnskóla	14
3.4.3.Samstarf við háskóla.....	15
3.4.4.Annað samstarf	15
4. Starfsmannamál.....	16
4.1. Stjórnskipan Álfheima 2019-2020	16
4.2. Fundir.....	16
4.3.Símenntun starfsmanna	17
4.3.1.Skilgreining á símenntunarpörf	17



Starfsskýrsla Álfheima 2020-2021

4.3.2. Mat á árangri	17
4.3.3. Fjármögnun símenntunar	18
4.3.4. Yfirlit yfir símenntun skólaársins 2019-2020	18
5. Starfsáætlun skólaársins 2020-2021	21
5.1. Símenntunaráætlun 2020-2021	22
5.2. Námsáætlanir	23
5.2.1. Álfasteinn og Dvergasteinn	23
5.2.2. Óskasteinn og Völusteinn	24
5.2.3. Mánasteinn og Huldusteinn	25
6. Fylgiskjöl	27
Samþykki foreldraráðs	28

Leikskólinn Álfheimar

Heimilisfang: Sólvöllum 6, 800 Selfoss

Aðalsímanúmer: 480-3242

Netfang: alfheimar@arborg.is

Heimasíða: <http://alfheimar.arborg.is/>

Opnunartími leikskólans: 7:45-16:30



Inngangur

Í samræmi við 5. grein um leikskóla frá árinu 2008 kemur fram að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla sem byggir á skólanámskrá leikskólans. Þar sem gerð er grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitafélagsins. Að því búnu skal starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarna.

Í þessari skýrslu gefur að líta starfsáætlun leikskólans Álfheima skólaárið 2020–2021 ásamt skýrslu um skólaárið 2019-2020. Byrjað er á því að gera skil á síðastliðnu skólaári 2019-2020, en í seinni hluta skýrslunnar er starfsáætlun Álfheima fyrir skólaárið 2020-2021. Starfsáætlunin er hugsuð sem skýr leiðarvísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum. Starfsáætlunin er samin í samráði og samvinnu við kennara leikskólans. Hún hefur að geyma hlutverk Álfheima þar sem einkunnarorð leikskólans koma fram en þau eru: *Virðing, hlýja, traust*. Einnig má sjá viðfangsefni skólaársins, umbótaáætlanir og símenntunaráætlun leikskólans.

Breytingar eru órjúfanlegur þáttur leikskólastarfsins. Reglulega þarf að fara yfir stöðu mála, skoða alla þætti skólastarfsins með gagnrýnum augum, meta og setja sér ný markmið til að stefna að. Að vori er skólastarfið metið og umbótaáætlun gerð í kjölfarið. Niðurstöðurnar munu jafnframt birtast í þessari starfsskýrslu til að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári.

Starfsskýrsla leikskólans tekur gildi 1. október ár hvert og skal skilað til Skólaþjónustu Árborgar og lögð fyrir fræðslunefnd til staðfestingar. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megí hana í starfi leikskólans yfir veturinn.

Selfoss, 29. október 2020

Jóhanna Þórhallsdóttir
Leikskólastjóri Álfheima

Einkunnarorð Álfheima

Virðing, hlýja, traust



1. Skólastarfið 2019-2020

Skólastarfið í Álfheimum veturinn 2019-2020 var viðburðaríkt, venjubundið en um leið mjög sérstakt. Veturinn einkenndist af breytingum á húsnæði leikskólans sem óhjákvæmilega hafði áhrif á starf leikskólans. Bygging nýrrar starfsmannaaðstöðu gerði það að verkum að inngöngum inn í húsið fækkaði. Tvær nýjar deildir í bráðabirgðahúsnæði voru teknar í notkun á haustmánuðum. Í júní var byrjað að breyta eldhúsi leikskólans og þar með fengum við eldhúsaðstöðu og mat í húsnæði Vallaskóla. Þá hafði heimsfaraldur mikil áhrif á starfsemina frá því í mars og fram að sumarfríi með auknum sóttvörnum þar sem leikskólanum var meðal annars skipt niður í sóttból. Þá varð breyting á útskrift þar sem ákveðið var að halda hana úti þetta árið. Mikil ánægja var með það og stefnt á að halda því fyrirkomulagi á næsta ári.

Veturinn 2019- 2020 stunduðu um 120 börn nám í Álfheimum og voru þau fædd á árunum 2014-2018. 24 börn útskrifuðust úr Álfheimum 16. júní 2020 og í tilefni af útskrift fóru þau í útskriftarferð 26. maí að Snæfoksstöðum í Grímsnesi. Í nóvember 2019 fjölgaði deildum leikskólans um tvær og urðu þar með sex, Dvergasteinn þar sem voru 22 börn fædd 2016, Álfasteinn 22 börn fædd 2017, Óskasteinn 23 barn fædd 2015, Völusteinn þar sem voru 22 börn fædd 2014 og nýju deildirnar Mánasteinn 18 börn fædd 2017 og 2015 og Huldusteinn 14 börn fædd 2018.

Í vetur voru starfsmenn í leikskólanum 40 í mismiklu starfshlutfalli þar af 7 leikskólakennarar, 1 grunnskólakennari og 3 með aðra uppeldismenntun en leikskólakennaramenntun. 1 þroskaþjálfari, 1 með háskólamenntun, einn iðjuþjálfari, 1 leikskólaliði og aðrir ófaglærðir og af þeim voru fjórir í leikskólaliðanámi og einn í leikskólakennarnámi. Tveir starfsmenn voru í fæðingarorlofi.

Símenntun og starfsþróun öll er mikilvæg í skólastarfi og í vetur hefur starfsfólk leikskólans sótt fjölbreytt námskeið fyrir utan þá fræðslu sem boðið er uppá fyrir allt starfsfólk á skipulagsdögum.

Leikskólinn Álfheimar er Grænfánaleikskóli og leggur áherslu á útinám og tekur leikskólinn þátt í alþjóðlega verkefninu *Skólar á grænni grein* sem Landvernd rekur hér á landi. Vorið 2020 sótti leikskólinn um Grænfánann í níunda skipti en hann verður afhendur haustið 2020. Umhverfissáttmála Álfheima má nálgast á heimasíðu leikskólans. Fulltrúar leikskólans fóru á ráðstefnu Landverndar í febrúar 2020 en þar var leikskólanum veitt viðurkenning fyrir langt og farsælt starf með verkefnið skólar á grænni grein.

Skógarferðir leikskólans hafa fest sig í sessi og einu sinni í viku fara börnin í skógarferð, lengd og staðsetning fer eftir aldri barnanna og þau yngstu byrja á að fara út á Engi. Einu sinni í mánuði fundar umhverfisráð Álfheima en í því eru fulltrúar starfsfólks frá öllum deildum, verkefnastjóri útíkennslu, leikskólastjóri, tveir fulltrúar foreldra og börn úr elsta árgangi skólans. Gullin í grenndinni sem er samstarfsverkefni Álfheima og Vallaskóla hélt áfram í vetur en þar hittast einu sinni í mánuði tveir elstu árgangar leikskólans og börn úr yngstu bekkjum Vallaskóla. Þessar samverustundir eru ýmist út í skógi eða í Vallaskóla.

Endurmat á skólastarfinu fer reglulega fram bæði á hverri deild og í skólanum í heild. Í ár var gerð starfsmannakönnun á vegum Skólaláttamálsins. Endurmat er nauðsynlegt svo hægt sé að þróa starfið og gera úrbætur.



2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun skólaársins 2019-2020

Í 18. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Sveitafélögin eigi síðan að fylgja innra matinu eftir þannig að það leiði til umbóta í skólastarfi skv. 19. gr. laganna.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi, og þar með markmið innra mats, er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla. Innra mati er ætlað að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á skv. lögum. Innra matinu er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðslufirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Aldrei er hægt að skoða allt skólastarfið í einu því það er flókið og margþætt. Ef vel á að takast er mælt með að taka fyrir nokkra þætti í einu, þ.e. lítið umfang, meðan starfsfólk er að tileinka sér verklag innra mats. Mikilvægt er að gera áætlun fram í tímann til að tryggja að matið ná til allra sviða skólastarfsins og mælt er með 3–5 árum í það ferli. Matsþáttunum er raðað á áætlunina sem afmarkar þau matssvið sem taka á fyrir á hverju ári. Mikilvægt er þó að endurskoða áætlunina á hverju ári því oft koma upp brýn málefni sem taka skal fyrir. Stjórnendateymi leikskólans sér um að útfæra matsspurningar sem notaðar verða í matinu. Til eru margar góðar leiðir til að meta skólastarf og hér er dæmi um nokkrar:

- ✓ Starfsmannasamtöl.
- ✓ Foreldrasamtöl.
- ✓ Sparingalistar til starfsfólks og foreldra.
- ✓ Mat barna á skólastarfinu. (Broskarlakönnun og spurningakönnun)

Niðurstöður og úrbótaáætlun birtist síðan í starfsskýrslunni og á heimasíðu leikskólans.

2.1. Innra mat leikskólans

Mat á starfi skólans fer fram með ýmsum hætti. Á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á deildarstjórafundum þar sem leikskólastjórar, deildarstjórar og sérkennslustjóri fara yfir stöðu mála. Á skipulagsdögum er unnið að mati á skólastarfinu og umbótaáætlunum.

Skólapúlsinn lagði fyrir starfsmannakönnun á skólaárinu og unnu starfsmenn leikskólans úr þeim niðurstöðum á deildarstjórafundum og á starfsdegi í júní 2020. Í kjölfarið var unnin umbótaáætlun og verður henni gerð nánari skil hér að neðan.

2.1.1. Starfsmannasamtöl

Vegna Covid-19 og breytinga á húsnæði leikskólans þurfti að aflýsa starfsmannasamtölum en til stóð að þau færu fram í mars og apríl 2020.

2.1.2. Starfsmannakönnun

Á vorönn 2020 var gerð starfsmannakönnun á vegum Skólapúlssins en svarhlutfall var 97,5%. Í könnuninni kemur meðal annars fram að virkar umræður um starfið hafa aukist milli ára. Margt kemur þó fram sem mætti gera betur og hér fyrir neðan má sjá úrbótaáætlun.

2.1.3. Tími, fjármagn, mannauður og búnaður

Reglulega yfir veturinn er á deildarstjórafundum endurskoðaðir ýmsir þættir í starfi leikskólans er varða tíma, mannauð og búnað. Í júní 2020 voru þessir þættir endurmetnir og eftirfarandi umbótaáætlun mótuð. Fram kom að mikil samstaða er í húsinu að láta allt ganga upp í þeim breytingum sem eiga sér stað á húsnæðinu.



Starfsskýrsla Álfheima 2020-2021

Margt nýtt fólk hóf störf í leikskólanum síðast liðið haust þar sem leikskólinn stækkaði um tvær deildir. Ekki fékkst nægilega margt fagfólk og því ófaglærðir í mörgum stöðum. Fækkun leikskólakennara er áhyggjuefni og eykur álag á þá starfsmenn sem fyrir eru.

Ánægja meðal stjórnenda með að hafa fundardaga á þriðjudögum og ákveðið að halda því áfram þar sem það gerir það að verkum að það er minna rót á öðrum dögum.

Eftirlit með fjármagni er í raun á hverjum degi auk mánaðarlegrar skýrslu og er að mestu leyti í höndum leikskólastjóra.

Miklar breytingar hafa staðið yfir í vetur á starfsmannaaðstöðu leikskólans sem munu breyta miklu fyrir vinnuumhverfi flestra.

2.1.4. Samstarf leik og grunnskóla

Í endurmati deildarstjóra á samstarf leik og grunnskóla kom fram að það gekk vel í vetur þrátt fyrir að einhverjar breytingar hafi verið óhjákvæmilegar vegna Covid-19. Samstarfsfundir voru vel heppnaðir. Heimsóknir í skólana gengu vel svo og vorskólinn, allt var vel skipulagt í skólunum með góðum fyrirvara.

2.1.5 Samstarf heimila og skóla

Í leikskólastarfi er gott samstarf heimila og skóla gríðarlega mikilvægur þáttur. Fyrir utan þau daglegu samskipti sem foreldrar eiga við starfsfólk eru allajafna tvö foreldraviðtöl yfir veturinn en í vetur urðu þau í flestum tilfellum einungis eitt vegna sóttvarnarráðstafana.

Á covid tímabilinu svo og þeim breytingum sem er verið að vinna í á húsnæði upplifir starfsfólk leikskólans gríðarlegan velvilja og stuðning frá foreldrum.

2.1.6. Kennslu og uppeldishættir

Í endurmati deildarstjóra á kennslu og uppeldisháttum kom skýrt fram að mikilvægt er að við skerpum á kennslu og uppeldisháttum leikskólans svo að við týnum ekki einkennum Álfheima. Til dæmis að óskrifaðar reglur þurfi ef til vill að verða skrifaðar.

2.1.7. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun unnin vor 2020		
Verkþáttur	Hver ber ábyrgð	tímabil
Umræður um þá þætti þar sem leikskólinn mældist marktækt lægri en landsmeðaltalið í starfsmannakönnun Skólapúlsins. Niðurstöður þeirra umræðna nýttar í umbótaáætlun.	Allt starfsfólk leikskólans	Júní 2020
Skoða hvernig hægt er að bæta nýliðafraeðslu að hausti og efla þar með starfsþjálfun og auka með því sjálfstraust nýrra starfsmanna.	Stjórnendateymi og deildarstjórar	Júní/ágúst 2020
Skýra verkferla varðandi upplýsingaflæði vegna sérþarfa barna svo heildstæð íhlutun alls starfsfólks geti átt sér stað. -	Stjórnendateymi	Haust 2020
Koma á fót skýrari reglum (óskrifuðum) vinnureglum og stefnu	Stjórnendateymi	Júní 2020



Starfsskýrsla Álfheima 2020-2021

Setja upp hugmyndatöflu þar sem starfsfólk getur sett fram hugmyndir varðandi starfið og þróunarstarf/nýsköpun	Stjórnendateymi	Haust 2020
Vinna að því að gera Álfheima að fjölskylduvænni vinnustað - gera sáttmála um hvernig við viljum haga varðandi starfsmannabörn og sveigjanleika + undirbúa fyrir styttingu vinnuvikunnar – allir starfsmenn + stjórnendateymi - haust 2020	Stjórnendateymi	Haust 2020
Skoða hvort eigi að færa kaffitíma starfsfólks til klukkan 10	Deildastjórar og stjórnendateymi	Júlí 2020
Starfsmannasamtöl verði í október-nóvember og örviðtöl í apríl-maí	Stjórnendateymi	Haust 2020
Komið verði á fót samstarfsteymi þeirra kennara í Vallaskóla og Álfheima sem koma að Gullunum	Stjórnendateymi	Ágúst 2020

2.1.8. Námsvið og daglegt starf

Í júní 2020 unnu allir starfsmenn endurmat á starfi vetrarins og settu jafnframt fram tillögur að umbótum.

Í heildina litið var flestum markmiðum vetrarins og náð, en ljóst er að Covid tímabilið hafði heilmikil áhrif á skólastarfið í heild. Hér fyrir neðan má sjá hluta af niðurstöðum og tillögur að umbótum.

Hvað gekk vel í vetur?
Álfasteinn > Covid tímabilið gekk vel. Unnið náði með börnunum. Göngutúrar tóku miklum framförum. Dvergasteinn > Að efla börnin í samskiptum. Kenna þeim að nota tjáningu í stað gráturs og öskra. Samverustundir hafa gengið vel. Börnin leika sér vel sjálf án aðstoðar kennara. Óskasteinn > Dagurinn rúllar alveg ágætlega. Mátulega mikið skipulag. Skógarferðir og hópastarf er á skipulaginu. Duglegar að tala saman. Tökum umræðuna um hvað við viljum gera. Völusteinn > Að fara í skógarferðirnar. Gengið vel að fá tiltekin börn til að hunska neikvæða hegðun hjá ákveðnu barni. Eftir covid rífast börnin minna, fámennið hafði góð áhrif. Úti á Enginu gengur vel. Vorskólinn í Vallaskóla. Framfarir að fá börnin til að þvo hendur og setjast við matarborðið. Mánasteinn > Umbunarkerfið okkar. Val. Covid-19 skipulagið hjá okkur. Huldusteinn > Aðlögunin gekk ótrúlega vel eru allar sammála því. Útiveran gengur alltaf vel. Júdó-salurinn.
Hvað hefðum við getað gert betur?
Álfasteinn > Fylgja söngstundinni betur eftir. Fara í skógarferðir. Þema. Rúlla matarborðunum fyrir. Börnin skammti sér sjálf. Dvergasteinn > Skógarferðir. Skipta hópnum betur niður. Leika við börnin og koma börnunum í leik.



Hópastarf hefði þurft að vera markvissara. Auka málörvun og hafa markvissar söng- og samverustundir á fyrirfram ákveðnum tímum. Segja starfsmönnum aðferðir til að gera hlutina.

Óskasteinn > Í leikjum eins og t.d. ein ég sit og sauma. Að klippa og teikna meira. Spila.

Völusteinn > Hefði viljað að þau væru komin með afmælisdaginn sinn og heimili og skrifa nafnið sitt. Reiðistjórni eftir covid. Meiri samvinna starfsmanna milli stofa. Læra meiri virðingu við kennara.

Mánasteinn > Skipulagða hópastarfið (sökum covid). Lesa meira. Fínhyfing æfingar.

Huldusteinn > Skipulag. Samskipti. Samvinna. Hópastarf. Það er skipulag á deildinni og hópastarf en það þarf að fylgja því betur eftir.

Markmið næsta veturs?

Álfasteinn > Byrja á skógarferðum. Bæta söngstundir. Bæta við val. Dreifa vel í stofunum.

Einstaklingsmiðuð verkefni. Einingarkubbar.

Dvergasteinn > Að auka markmið með skógarferðum og hópastarfi. Efla málörvunarhópa. Efla samverustundir og söngstundir þannig að sömu lögin séu æfð í ákveðinn tíma. Hafa sömu hópa allan veturinn (var oft skipt).

Óskasteinn > Að öll börn skrifi nafnið sitt. Vísur/brandarar. Klippa.

Mánasteinn > Meiri lestur. Meira af fínhyfingum. Hringekja. Ísland og íslenska. Verkefni í skógarferðum. Efla sjálfstæði eins og að skeina sér og fleira.

Huldusteinn > Fylgja skipulagi. Fylgja markvissu hópastarfi. Nýta svæðin betur og hólfa niður deildina.

Er búið að TRAS-a börnin 2x í vetur? Hvað gerum við með niðurstöðurnar?

Álfasteinn > Já, farið yfir niðurstöður. Sett í verkferla ef eitthvað er athugavert.

Dvergasteinn > Nei - búið einu sinni og ekki búið að skila niðurstöðum til starfsmanna á deildinni

Óskasteinn > Já. Þjálfum þau í því sem vantar.

Mánasteinn > Nei bara einu sinni. Vinnum með það sem er ábótavant.

Huldusteinn > Nei aðeins hluti af deildinni í fyrsta skipti TRAS

Er búið að setja í ferilmöppur eftir veturinn? Tóku börnin þátt í því?

Álfasteinn > Börnin tóku ekki þátt. Byrjað á að setja í möppur.

Dvergasteinn > Já (í júní). Nei börnin tóku ekki þátt.

Óskasteinn > Börnin tóku ekki þátt.

Völusteinn > Já börnin taka þátt og sýna áhuga. Gaman að skoða möppurnar.

Mánasteinn > Já. Nei.

Huldusteinn > Já. Börnin tóku þátt með því að útbúa listaverk.

Hvernig gekk í Gullunum í vetur? Hvað hefði mátt betur fara?

Álfasteinn > Á ekki við.

Dvergasteinn > Á ekki við.

Óskasteinn > Gekk ágætlega. Væri gott að hafa fund með Vallaskóla og skipuleggja, upphaf og lok þar sem allir funda saman.

Völusteinn > Gekk fyrst og fremst um það að börnin léku öll saman. Vegna veikinda kennara misstu þau nokkur skipti.

Mánasteinn > Bara vel.

Huldusteinn > Á ekki við.



Hvernig gekk í útikennslunni í vetur? Hvað hefði mátt betur fara?

Álfasteinn > Á ekki við.

Dvergasteinn > Á ekki við.

Óskasteinn > Gekk vel. Betra að vera tveir í útikennslunni. Börnin orðin vön að vera í útikennslunni. Hafa meira sýnilegt eins og skógarbókin? Að Soffía mæti fyrr inn á deild, ekki seinna en 9:30

Völusteinn > Gekk mjög vel. Börnin ánægð hvort sem þau voru að smíða eða í leik.

Mánasteinn > Við fórum bara 2-3x til Soffíu og það gekk vel þegar við fórum.

Huldusteinn > Á ekki við.

2.1.9. Hljóm-2

Hljóm-2 aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans. Skimunin er gerð til að finna þau börn sem eru í mögulegri áhættu fyrir lestrarerfiðleika síðar meir en slök hljóðkerfis- og málvitund er talin aðalorsök lestrarvanda hjá 88% barna (9 af hverjum 10 börnum) (mms.is).

	Góð færni	Meðal færni	Lág meðalfærni	Slök færni	Mjög slök færni
Rím	2	8	1	7	1
Samstöfur	0	13	4	2	0
Samsett orð	8	4	4	3	0
Hljóð-greining	6	4	9	0	0
Margræð orð	2	8	5	3	1
Orðhlutaeyðing	2	5	3	8	1
Hljóðtenging	8	0	9	2	0
Heildarniðurstöður	Aldursbil 1 (45-71 stig) 3 Aldursbil 2 (53-52 stig) 1 Aldursbil 3 (58-71 stig) 3	Aldursbil 1 (36-44 stig) 1 Aldursbil 2 (42-52 stig) 0 Aldursbil 3 (47-57 stig) 3	Aldursbil 1 (27-35 stig) 0 Aldursbil 2 (32-41) 1 Aldursbil 3 (38-46 stig) 0	Aldursbil 1 (21-26 stig) 5 Aldursbil 2 (26-31 stig) 0 Aldursbil 3 (32-37 stig) 2	Aldursbil 1 (0-20 stig) 0 Aldursbil 2 (0-25 stig) 0 Aldursbil 3 (0-31) 0



2.2. Matsáætlun

	2019-2020	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Skólapúlsinn - foreldrakönnun				
Stjórnun		x		x
Viðmót og menning leikskóla		x		x
Aðbúnaður		x		x
Samstarf heimila og leikskóla		x		x
	2019-2020	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Starfshættir	x		x	
Endurmenntun	x		x	
Líðan	x		x	
Þarfir	x		x	
Starfsandi	x		x	
Samskipti	x		x	
Samstarf	x		x	
Stjórnun	x		x	
Viðmót og menning leikskóla	x		x	
Aðbúnaður	x		x	
	2019-2020	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Líðan og þarfir leikskólabarna	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
Námsaðferðir	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
Hæfniviðmið	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
	2019-2020	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Líðan og þarfir leikskólabarna	x	x	x	x
Námsaðferðir	x	x	x	x
	2019-2020	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Líðan og þarfir leikskólabarna	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
Samstarf heimila og leikskóla	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
Námsaðferðir	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
Hæfniviðmið	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
Starfsmannasamtöl	2019-2020	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Starfshættir	x	x	x	x
Endurmenntun	x	x	x	x
Líðan	x	x	x	x
Þarfir	x	x	x	x
Starfsandi	x	x	x	x
Samskipti	x	x	x	x
Samstarf	x	x	x	x
Endurmat deilda	2019-2020	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Læsi og samskipti	haust/vor	haust/vor	haust/vor	haust/vor
Heilbrigði og vellíðan	haust/vor	haust/vor	haust/vor	haust/vor
Sjálfbærni og vísindi	haust/vor	haust/vor	haust/vor	haust/vor
Sköpun og menning	haust/vor	haust/vor	haust/vor	haust/vor



Starfsskýrsla Álfheima 2020-2021

Gullin í grenndinni	vor	vor	vor	vor
Kennslu- og uppeldishættir	2x í mánuði	2x í mánuði	2x í mánuði	á deildarfundum
Námsaðferðir og hæfiviðmið	2x í mánuði	2x í mánuði	2x í mánuði	á deildarfundum
Endurmat deildarstjóra	2019-2020	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Tími	x	x	x	x
Mannauður	x	x	x	x
Búnaður	x	x	x	x
Endurmat á samstarfi leik og grunnskóla	x	x	x	x
Kennslu og uppeldishættir	x	x	x	x
Endurmat stjórnenda	2019-2020	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Fjármagn	x	x	x	x
Tími	x	x	x	x
Mannauður	x	x	x	x
Búnaður	x	x	x	x
Gullin í grenndinni	x	x	x	x
Samstarf heimila og skóla	x	x	x	x
Eigin vinna	x	x	x	x
Starfsáætlun	x	x	x	x
Starfsþróun	x	x	x	x
Skólanámskrárteymi	2019-2020	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Stefna			x	
Markmið	x			x
Námsmat			x	
Námssvið	x			x
Áherslur			x	



3. Börn, foreldrar og annað samstarf

3. 1. Barnahópurinn

Miðað er við upplýsingar úr skýrslu sem send var til Hagstofu Íslands í desember 2019.

Fjöldi barna í leikskólanum desember 2019 var 118

Aldursskipting	
Börn fædd 2014	21
Börn fædd 2015	35
Börn fædd 2016	22
Börn fædd 2017	27
Börn fædd 2018	13

Dvalartími – fjöldi barna	
4 klst	2
5 klst	2
6 klst	2
6,5 klst	1
7 klst	4
7,5 klst	8
8 klst	43
8,5 klst	39
8,45 klst	17

3.1.1. Fjöldi barna sem nutu sérstaks stuðnings

Þessi skýrsla er unnin út frá skýrslu sem send var til Hagstofu Íslands í desember 2019. Börn sem nutu sérstaks stuðnings* í leikskólanum Álfheimum á skólaárinu 2019-2020 voru átta talsins og var stuðningurinn allt frá einstaklings þjálfun yfir í aukinn mannafla á deild sem meðal annars var nýttur til að skipta börnunum upp í minni hóp.

Börn með fatlanir í leikskólanum fengu þann stuðning sem þau eiga rétt á. Sérkennslustjóri hélt utan um teymisfundi, einstaklingsnámskrár og annað sem snýr að sérkennslumálum í leikskólanum. Í leikskólanum voru myndað teymi með reglulegum fundum í kringum fjögur börn.

Öll börn í elsta árgangi voru prófuð í Hljóm-2, almennt komu börnin vel út en ákveðið var að efla hljóðkerfisvitund enn frekar og fóru allir í elsta árgangi í hljólm-2 hóp og var foreldrum send verkefni heim reglulega frá því í september og fram í desember til að efla hljóðkerfisvitund barnanna.

Að auki voru 41 barn í leikskólanum sem fengu tíma hjá sérkennslustjóra þar sem unnið var að verkefnum til að efla félags- og/eða málþroska barnanna í lengri eða skemmri tíma. Þá fóru elstu börnin í leikskólanum í ART (Aggression Replacement Training) undir stjórn Lisbetar Nilsdóttir deildarstjóra og Guðrúnar Óskar Guðjónsdóttur sérkennslustjóra en ART er aðferð til að hjálpa börnum og fullorðnum til að bæta félagsfærni, læra að stjórna reiði sinni, draga úr árásargjarnri hegðun og efla siðferðisþroska. Vegna Covid-19 fóru þó aðeins fram fjórir ART tímar af núu.

**Með sérstökum stuðningi í námi er átt við börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika fá sérstaka aðstoð eða þjálfun undir handleiðslu sérfræðinga. Ekki er gerður munur á því hvort stuðningur átti sér stað í nokkur skipti eða allt árið.*



3.1.2. Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála

1. desember 2018 voru í Álfheimum 22 tvítyngd börn og tungumálin 9.

3.2. Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna eins og allt samstarf þarf að fela í sér gagnkvæman skilning, samvinnu og virðingu af beggja hálfu. Lögð er áhersla á að taka vel á móti hverjum og einum og dagleg samskipti eru einn mikilvægasti hlekkurinn milli fjölskyldu og leikskólans þar sem skipst er á upplýsingum um barnið.

Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann að fylgjast með og taka þátt í starfinu en auk þess er foreldrum reglulega boðið að taka þátt í hinum ýmsu viðburðum. Í ár voru viðburðir með foreldrum þó færri vegna sóttvarna en þó var boðið á jólaball og bónda- og konudagskaffi.

3.2.1. Foreldraráð

Í foreldraráði voru þrír foreldrar en hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla. Góð samvinna var við foreldraráðið í vetur þar sem þau komu að málefnum leikskólans.

3.2.2. Foreldrafundir

Kynningarfundur fyrir foreldra barna sem byrjuðu leikskólagöngu um haustið var haldinn 11. júní. Kynningarfundur fyrir foreldra þar sem farið var yfir starfið á komandi vetri voru 2., 3., 8. og 9. október klukkan 15:00.

3.2.3. Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru alla jafnan tvisvar á skólaári, á haustönn og vorönn. Viðtölin hafa verið tekin í tengslum við TRAS málproskaskráningu nema hjá elsta árangri þar sem niðurstöður Hljóm-2 og skólaskil eru meginviðfangsefni viðtalanna. Í vetur féll þó hluti af foreldraviðtölum niður vegna sóttvarna.

3.2.4. Foreldrafélag

Allir foreldrar leikskólabarnanna gerast sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélagi. Foreldrafélagið gaf eins og fyrri ár útskriftarnemendum handklæði að gjöf. Að auki gaf foreldrafélagið öllum börnum í leikskólanum sundpoka með merki leikskólans.

3.3. Fréttabréf

Fréttabréf var gefið út einu sinni yfir skólaárið. Fréttir voru jafnframt settar á heimasíðu leikskólans <http://alfheimar.arborg.is/>, á tilkynningartöflur við hverja deild og með tölvupósti.

3.4. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf

3.4.1. Samstarf við skólaþjónustu Árborgar

Við höfum átt í góðum samskiptum við Skólaþjónustu Árborgar í vetur. Við Skólaþjónstuna starfa leikskólafulltrúi, kennsluráðgjafi tvítyngdra barna, sálfræðingar, talmeinafræðingar og kennsluráðgjafar. Þegar leikskólinn í samráði við foreldra telur þörf á að fá frekari aðstoð er leitað til Skólaþjónustu.

3.4.2. Samstarf leik- og grunnskóla

Gullin í grenndinni er samstarfsverkefni Álfheima og Vallaskóla en einu sinni í mánuði hittir hver skógarhópur elstu tveggja árganganna í Álfheimum vinabekk úr Vallaskóla og saman fara þau í skógarferð. Vegna Covid-19 féll vorhátíð Gullanna niður þetta árið.

Nemendur fyrsta bekkjar komu í heimsókn í leikskólana á haustönn. Á vorönn fórum við í heimsókn í báða skólana þar sem börnin fengu kynningu á skólunum. Vorskóli var í báðum grunnskólum á Selfossi,



Starfsskýrsla Álfheima 2020-2021

tvo daga í senn. Í vor voru skilafundir milli leik- og grunnskólanna þar sem gögnum væntanlegra grunnskólanemenda var skilað til grunnskólans.

3.4.3.Samstarf við háskóla

Á skólaárinu vorum við með tvo leikskólakennaranema í vettvangsnámi frá HÍ.

Samstarf hélt áfram við Háskólann Artevelde í Belgíu sem hefur verið síðan 2015, en leikskólakennaranemar á öðru ári í grunnnámi koma í vettfangsnám hingað. Nemarnir eru í áfanga sem heitir „Uppeldi og stefna í alþjóðlegu samhengi“. Í ár komu fjórir nemar til okkar.

3.4.4.Annað samstarf

Í vetur vorum við í samstarfi við Vinaminni, Ljósheima og Fossheima þar sem börnin fara í heimsóknir og spjalla við heimilismeðlimi og/eða syngja fyrir og með þeim.




4. Starfsmannamál

Skólaárið 2019-2020 voru frá því í nóvember um 40 starfsmenn í Álfheimum í mismunandi stöðum og stöðuhlutföllum. Auk tveggja í fæðingarorlofi. Í vetur störfuðu hér 7 leikskólakennarar, 1 grunnskólakennari, 3 með aðra uppeldismenntun en leikskólakennarafræði, 1 leikskólaliði, aðrir ófaglærðir. Þá störfuðu þrír starfsmenn í eldhúsi.

Í vetur voru tveir starfsmenn í leik- og grunnskólakennaranámi við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Auk þess sem fjórir starfsmenn útskrifuðust sem leikskólaliðar vorið 2020.

4.1. Stjórnskipan Álfheima 2019-2020

Starfsheiti	Nafn	Netfang	Símanúmer
Leikskólastjóri:	Jóhanna Þórhallsdóttir	johannath@arborg.is	480-3242
Aðstoðarleikskólastjóri:	Eva Hrönn Jónsdóttir	evahronn@arborg.is	480-3243
Sérkennslustjóri:	Guðrún Ósk Guðjónsdóttir	guðrunosk@arborg.is	480-3248
Deildarstjóri Álfasteins	Annetta Franklín Karlsdóttir	annetta.franklin@arborg.is	480-3244
Deildarstjóri Dvergasteins	Guðrún Edda Hannibalsdóttir	guðrun.edda@arborg.is	480-3245
Deildarstjóri Óskasteins	Hanna Rut Samúelsdóttir	hannarut@arborg.is	480-3246
Deildarstjóri Völusteins	Lísbet Nilsdóttir	lisbet@arborg.is	480-3247
Deildarstjóri Mánasteins	Margarita Hamatsu	margarita.hamatsu@arborg.is	480-6396
Deildarstjóri Huldusteins	Berglind Björgvinsdóttir	Berglind.bjorgvins@arborg.is	480-6395



4.2. Fundir

Í vetur var ákveðið að allir innanhússfundir væru á þriðjudögum og því minna um skipulagt starf þann daginn. Deildafundir og deildarstjórufundir voru í hverri viku, umhverfisnefnd, útikennsluteymi og skólanámskrárteymi funduðu einu sinni í mánuði.

Deildarstjórufundir voru einu sinni í viku á þriðjudögum kl. 13:00-14:00. Á þeim fundum situr stjórnunarteymi leikskólans, það er leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildastjórar. Á deildarstjórufundum er farið yfir starf leikskólans, það skipulagt og endurmetið. Fundagerðir eru sendar öllum starfsmönnum leikskólans í tölvupósti til að upplýsa alla um ákvarðanir og umræður á fundunum.



Starfsskýrsla Álfheima 2020-2021

Umhverfisnefndarfundir voru einu sinni í mánuði. Á þeim er farið yfir ýmislegt sem tengist grænfánanum og umhverfismennt í leikskólanum. Í umhverfisnefnd er einn fulltrúi af hverri deild, sérgreinastjóri útikennslu, leikskólastjóri, fulltrúi frá ræstingafyrirtæki ásamt einu foreldri.

Aðrir sameiginlegir fundir sem fulltrúar leikskólans sóttu með fagteymum í Árborg eru: Leikskólastjórafundir sem eru fyrsta þriðjudag í mánuði, vinnufundir leikskólastjóra, sérkennslustjórafundir, faghópur um samstarf grunn- og leikskóla, fræðsluteymi og fjölmenningatæmi.

4.3. Símenntun starfsmanna

Símenntunaráætlun Álfheima er liður í því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið fyrir skólaárið. Hún er gerð með áherslum, styrkleikum og veikleikum leikskólans í huga og þar er fjármögnun, skipulag og reglur skilgreindar. Leikskólastjóri ber höfuðábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunarinnar en starfsfólk ber ábyrgð á eigin símenntun þ.e. greina þarfir sínar, hafa frumkvæði að fræðslu og efla starfsþroska sinn. Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni.

4.3.1. Skilgreining á símenntunarbörf

Hverjum leikskóla er skylt að gera símenntunaráætlun og henni má skipta í tvo þætti:

- ✓ sem er nauðsynleg fyrir skólann.
- ✓ sem kennarinn metur æskilega fyrir sig.

Skólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið út frá áhersluatriðum næsta vetrar, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Kennurum og starfsfólki er skylt að fara á námskeið samkvæmt símenntunaráætlun skólans.

Ákvörðun skal tekin af skólastjóra hvað skal bjóða kennurum upp á mörg námskeið á skólaári út frá því sem þeir hafa áhuga á, til að halda sér við í starfi eða að bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Í starfsmannasamtölum sem haldin eru einu sinni á ári er farið yfir óskir og þarfir starfsmanna og þær eru skráðar niður. Skólastjóri auglýsir öll fræðsluerindi og námskeið sem berast með því að senda tölvupóst og/eða hengja upp á upplýsingatöflu á kaffistofu og í undirbúningsherbergi.

4.3.2. Mat á árangri

Það er á ábyrgð leikskólastjóra að skrá og staðfesta símenntun. Ábyrgð starfsmanns felst í að óska eftir skráningu og staðfestingu þegar hann getur sýnt fram á að símenntun sé lokið hverju sinni. Matshæf símenntun er símenntun sem er samþykkt af starfsmanni og stjórnanda, haldin í eða fyrir utan vinnutíma. Leikskólastjóri metur hversu vel starfsfólk hefur tekist að uppfylla kröfur í áætlun þeirra. Hann tilkynnir með fyrirvara því starfsfólki sem þarf að ljúka áætlun áður en launahækkun tekur gildi.



4.3.3. Fjármögnun símenntunar

Skóli greiðir 100%	Skóli greiðir og starfsmaður	Starfsmaður greiðir 100%
Vinnustaðurinn greiðir vinnutíma samkvæmt starfshlutfalli en yfirvinna er ekki greidd. Vinnustaðurinn greiðir námskeiðsgjald.	Skóli greiðir vinnutímann samkvæmt starfshlutfalli en yfirvinna er ekki greidd. Starfsmaður greiðir námskeiðsgjald/sækir í sjóðinn sinn.	Starfsmaðurinn fær launalaust leyfi og greiðir námskeiðsgjald sjálfur.
Starfstengd ósk <u>stjórnandans</u> og þátttaka er innan vinnutíma. Starfstengd ósk <u>starfsmanns</u> og þátttaka er innan eða utan vinnutíma, þó alltaf ákvörðun stjórnanda.	Starfstengt en ekki forgangsmál. Þátttaka innan eða utan vinnutíma.	Óljós eða engin tengsl við núverandi starf eða framtíðarstarf.
Námskeið á starfsdegi og á starfsmannafundum. Sérstök námskeið er tengjast markmiðum og/eða áherslum skólans sem starfsmaður sækir að beiðni leikskólastjóra.		Sækja þarf um með góðum fyrirvara til leikskólastjóra sem metur aðstæður hverju sinni. Leyfi til að sækja námskeið einungis veitt ef það hefur ekki veruleg áhrif á starfsemi leikskólans að starfsmaður sé frá vinnu.

4.3.4. Yfirlit yfir símenntun skólaársins 2019-2020

Símenntun 2019-2020 var fjölbreytt og þar má meðal annars nefna ýmis námskeið og fræðslu í tengslum við þau matstæki sem við notum í starfi leikskólans auk fræðslu tengda útikennslu og Grænánaverkefnum.

Símenntun	Tímabil	klst	Þáttakendur
Ute är inne - útikennsluráðstefna	29. – 30. Ágúst 2019	16	Aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennari
PEERS® for Adolescents Certified School-Based Training Seminar,	23. – 25. September 2019	24	Deildarstjóri
Útinám er leikur einn	11. október 2019	12	Sérgreinastjóri útikennslu og deildarstjóri
ráðstefna	23. – 24. janúar	48	Leikskólastjóri, Grunnskólakennari og leiðbeinandi
Vinnustofa um starfsmannasamtöl	29. janúar	6	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Atferilsíhlutun fyrir börn með þroskafrávik	29. - 30. janúar 2020	32	Sérkennslustjóri og starfsmaður með B.A. í sálfræði
Faglegir leiðtogar í leikskólastarfi.	31. janúar 2020	5	Tveir leikskólakennarar



Starfsskýrsla Álfheima 2020-2021

Grænfánaráðstefna	7. febrúar	32	Leikskólastjóri, sérgreinastjóri útikennslu, tveir deildarstjórar
TRAS námskeið	9. mars og 13. maí	16	Fjórir deildarstjórar
Teams námskeið	6. maí 2020	2	Leikskólastjóri
OneNote námskeið	15. maí	2	Leikskólastjóri
Skráning og þjálfun í atferlispjálfun	3. júní 2020	4	Starfsmaður með B.A. í sálfræði



Starfsskýrsla Álfheima 2020-2021

Skipulagsdagar 2019-2020	
8. ágúst 2019	Farið yfir bruna- og rýmingaráætlun, Farið yfir Áfalla- og slysaáætlun. Liðsandi, starfsánægja og samskipti í vinnuumhverfi – fyrirlestur frá Steinunni Ingu Stefánsdóttur Deildarfundir.
17. september	Samskipti í starfsmannahópnum kvöldfundur - Steinunn
4. október 2019	Haustþing
4. nóvember 2019	Farið yfir hagnýt atriði, flokkun og rýmingaráætlun Farið yfir stefnu og starf Álfheima Fyrirlestur um leikinn Unnið með menntastefnu Árborgar Deildarfundir
3. febrúar 2020	Skyndihjálparnámskeið Fræðsla um moltugerð frá starfsmanni á Sólheimum Fræðsla um bráðaofnæmi Deildarfundir.
16. mars 2020	Undirbúningur fyrir breytt skipulag vegna sóttvarna í Covid-19
4. maí 2020 ½ dagur	Deildarfundir Vinna við námsmat
10. júní 2020 ½ dagur	Endurmat Hópavinna í tengslum við niðurstöður starfsmannakönnunar Deildarfundir



5. Starfsáætlun skólaársins 2020-2021

Í öllu starfi leikskólans er lögð áhersla á samskipti og vellíðan í leik og starfi auk virðingar fyrir náttúrunni. Samskipti þurfa að vera góð milli barna og fullorðinna, milli barna og barna og milli fullorðinna og fullorðinna og þau þurfa að byggja á virðingu, hlýju og trausti. Virðing, hlýja og traust eru einkunnarorð leikskólans sem mikilvægt er að hafa hugfast í öllu starfi.

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og aðal kennslutækið. Í leik lærir barn margt sem enginn getur kennt því. Í leik felst því mikið sjálfsnám, honum fylgir bæði gaman og alvara. Í leik lærir barn margt út frá eigin hugarheimi og upplifun. Í leik eflir barnið félagsleg samskipti, það lærir að tjá tilfinningar sínar og þjálfar notkun tungumálsins. Leikur getur veitt gleði og vellíðan en jafnframt falið í sér valdabaráttu og átök. Leikur og leikskólastarf eru tveir órjúfanlegir þættir. Lögð er áhersla á leikinn og að börn fái tækifæri til að yfirfæra raunverulegar aðstæður í gegnum hann. Gefinn er nægur tími til sjálfsprottinna leikja, sveigjanleiki þarf að ríkja í skipulaginu svo þörfum barnanna sé fullnægt. Mikilvægur þáttur í leik og námi barna er að aðstæður fyrir gróf- og fínhyreyfingar séu skapaðar jafnt inni sem úti. Leikskólakennarinn tekur þátt í leikjum barnanna á þeirra forsendum og hefur ávallt jákvæðni, jafnrétti, þolinmæði, virðingu og áhuga að leiðarljósi. Leitast er við að hafa leikfangakost fjölbreyttan og margvíslegan efnivið til skapandi starfa. Efniviður er sýnilegur í hæð barnanna og í samræmi við þroska þeirra. Umhverfið skal vera snyrtilegt og aðlaðandi með hæfilegu framboði leikefnis. Reynt er að hafa flæði milli deilda leikskólans bæði í leik og starfi.

Í leikskólastarfinu þarf að ríkja jafnvægi á milli frjálsra og skipulagðra leikja, innileikja og útileikja, einstaklingsverkefna og félagslegra samskipta og milli hvíldar og virkar þátttöku í leik og starfi.

Veturinn 2020-2021 mun líkt og áður einkennast af þemastarfi tengdu Grænfánanum, útikennslu og skógarferðum. Samstarf milli deilda verður auk þess í brennidepli þennan veturinn.

Leikskólinn Álfheimar hefur um árabil lagt stund á útikennslu þar sem aðal áherslan hefur verið á umhverfismennt og skógarferðir. Við byggjum á þessum góðu hefðum og settum okkur markmið um að auka framboðið á tækifærum til útináms. Útikennslusvæðið hefur fengið nafnið Friðland.

Hugmyndafræðin á bak við nýju útikennsluna er að virkja sköpunarkraft barnanna sjálfra, efla sjálfstæði þeirra og um leið lýðræði í leikskólanum. Þess vegna er ekki fyrirlögn að morgni, þ.e. uppskrift af því hvað börnin eiga að gera þann daginn. Þau hafa hins vegar val um fjölbreytt verkefni, sum eru alltaf í boði, önnur koma og fara í formi tilboða.

Megin reglan er sú að kennslan byggji á raunverulegum verkefnum, að kennarinn elti hugmyndir barnsins og hjálpi því að ná lengra með hugmyndir sínar. Við göngum út frá þeirri kenningu að kjöraðstæður náms séu þar sem **áhugi** nemandans liggur, einnig að **raunaðstæður** séu vænlegstar til árangurs, því er forgangurinn á þessa leið;

1. Hugmyndir barnanna virkjaðar (Hvað viltu gera og hvernig, ég hjálpa þér að ná lengra með það)
2. Kennsla í ljósi aðstæðna (Finnunum geitungabú, rigning í dag, finnum dauðann fugl, hvað getum við lært af því eða um það)
3. Innlögn af almennum toga (t.d. bók- og tölustafir, smíða stafi, mála þá, reikna með könglum eða þ.h.)

Vegna þess hve fjölbreytt verkefni eru, er afraksturinn sömuleiðis af fjölbreyttum toga. Sem dæmi má nefna fínhyreyfingar, grófhreyfingar, þrívíð hugsun, sköpun, læsi, sjálfstæði, hugrekki, og svo mætti lengi áfram telja.



Starfsskýrsla Álfheima 2020-2021

Þar sem börnin velja sér verkefni sjálf haldast þau mun betur að verki, þetta gerir kennaranum kleift að vera leiðbeinandi og styðjandi í samskiptum barnana á milli. Börnin eru stöðugt að æfa sig að setja orð á hvað þau langar að gera, að tala af virðingu við hvort annað og komast að samkomulagi um ýmsa hluti. Þessa færni köllum við félagsfærni, það er færni til að eiga í árangursríkum samskiptum.

Við erum aldrei með heila deild á útikennslusvæðinu á sama tíma heldur skiptum við börnunum í minni hópa og förum með 8-12 börn í einu. Við þetta minnkar áreitið og börnin fá meiri ró til að einbeita sér og njóta sín í leik. Veturinn 2020-2021 eru börn fædd 2015 í útikennslu.

Það sem einkennir útikennsluna er fyrst og fremst vinnugleði, færri árekstrar og minna stress. Þetta er einskonar friðland þar sem börnin setja eigin dagskrá á leið sinni til þroska.

Í köflum 5.1 og 5.2. má sjá áætlanir fyrir skólaárið 2020-2021.

5.1. Símenntunaráætlun 2020-2021

Símenntunaráætlun 2020-2021				
Lýsing á símenntun	tilgangur	tímabil	tímaffjöldi	Þátttakendur
Hljóm-2	Viðkomandi hafi réttindi og þekkingu til að leggja Hljóm-2 fyrir	veturinn 2020-2021		leikskólakennari
TRAS	viðkomandi hafi réttindi og þekkingu til að nota TRAS málþroskaskráningu.	veturinn 2020-2021		leikskólakennari
Handleiðsla stjórnenda	Að stjórnendur fái handleiðslu bæði í formi hópavinnu og einstaklingsviðtala.	Veturinn 2020-2021		Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérgreinastjóri, sérkennslustjóri, deildarstjórar og yfirmaður eldhúss.
Skipulagsdagar				
Undirbúningur fyrir vetrarstarfið		6. ágúst 2020	2 klst	allir
Farið yfir ýmis hagnýt atriði Grænfánavinna Skógarferð		7. september 2020	8 klst	allir
Haustþing		9. október 2020	8 klst	allir
Skólanámskrárvinna Námsáætlanir		22. október 2020	2 klst	allir
Rýmingaráætlun Vinnutímastytting Námsáætlanir		2. nóvember 2020	8 klst	allir
Skólanámskrárvinna		14. janúar 2021	2 klst	allir
Hópavinna		4. febrúar 2021	8 klst	allir



Starfsskýrsla Álfheima 2020-2021

Leikurinn, samskipti og kenningar				
Fræðsludagur leikskólanna		17. mars 2021	8 klst	allir
Endurmat		14. maí 2021	8 klst	allir

5.2. Námsáætlanir

Námsáætlanir voru unnar á haustdögum 2020 af öllu starfsfólki. Í anda aukins samstarfs milli deilda þá unnu tvær og tvær deildir saman sínar áætlanir.

5.2.1. Álfasteinn og Dvergasteinn.

Á Álfasteini eru börn fædd 2017 og á Dvergasteini eru börn fædd 2016 og 2017.

Læsi og samskipti		
Markmið	Leiðir	
- Félagsleg samskipti - Umhverfislæsi - Virk hlustun, tjáning og vinátta - Vekja áhuga barnanna - Málörvun öllum stundum - Málörvun öllum stundum	- Lestur - Sögur - Orðaspjall - Söngur - Þulur - Rím	- Spyrjum - Svörum spurningum - Frjáls leikur - Frásögn - Stuðningur
Heilbrigði og vellíðan		
Grænfánamarkmið - Lýðheilsa		
Markmið	Leiðir	
Hljóðvist	- Húsgögn - Skipta hópnum upp - Raddbeiting	
Vatnsdrykkja/næring	- Vatn í boði - Þjálfa bragðlauka - Fræðsla í starfi	
Geðrækt	- Hugleiðsla/yoga - Öndunaræfingar - Orða tilfinningar	
Hreyfing	- Gönguferðir - Þrautabrautir	
Sjálfbærni og vísindi		
Markmið	Leiðir	
- Virðing - hlýja - traust - Flokka og endurvinnna - Minnka matarsóun - Athafnanám - fræðsla	- Skógarferðir - hópastarf - Tilraunir - Skammta sjálf á diskana - Minnka notkun plastpoka enn frekar - Veðurfræðingur	
Sköpun og menning		
Markmið	Leiðir	
- Gagnrýnin hugsun - frásögn	- Opnar spurningar - Samtal í samveru	



Starfsskýrsla Álfheima 2020-2021

- List - Tjáning - Lausnir	- Samtal við matarborðið - Hópastarf - Þrautir - Spil
--	--

5.2.2. Óskasteinn og Völusteinn

Á Óskasteini og Völusteini eru börn fædd 2015

Læsi og samskipti	
Markmið	Leiðir
- Læsi - Tilfinningalæsi - Umhverfislæsi - Orðaforði - Mál og hlustunarskilningur - Hljóðkerfisvitund - Leikur með stafi og hljóð	- Lestur - Orðaspjall - Söngur - Þulur - Klappa atkvæði - Rím/taktur - Skrifa nafnið sitt - Skoða bækur - Spjalla saman um söguna og myndirnar - Skógarferðir - Átthagaferðir - Njóta þess að vera saman úti, upplifa stað og stund - Samstarf við Ljósheima og Fossheima - Segja sögur
Sjálfbærni og vísindi	
Markmið	Leiðir
- Virðing - hlýja - traust - Heimspæki dauðu músarinnar - nýta sjálfsprottinn áhuga barnanna - Leikur og nám rauður þráður - Plastlaust “ánaræktunin” - Flokka og endurvinnna - Gullin í grenndinni með Vallaskóla.	- Nota bréfpoka í stað plaspoka utan um blaut föt og/eða rúlla upp votum fötum - Skógarferðir vettvangur sjálfbærni og vísinda - Veiða í tjörninni - Skoða lífríki skógarins - Leika í skóginum - Velta fyrir okkur veðrabreytingum og árstíðabreytingum - Könnunaraðferðin í þemavinnu - verkstæðisvinna - Endurnýta ýmis efni - Gefa ánunum ávaxta og grænmetisafganga
Heilbrigði og vellíðan	
Markmið	Leiðir
- Að skapa þægilegt og rólegt andrúmsloft meðal barnanna - Hreinlæti og líkamleg umhirða - Nægjusemi, meðal annars við matmálstíma - Auka ábyrgð barnanna í klæðnaði	- Að starfsmenn gangi á undan sem góðar fyrirmyndir í einu og öllu - Handþvottur eftir salernisferðir og fyrir máltíðir - Umræður um nægjusemi “hvenær er nóg nóg”



Starfsskýrsla Álfheima 2020-2021

• Virðing, hlýja og traust sé rauður þráður alla daga • Hreyfing úti • Byggja upp jákvæð vináttusambönd • Borðþjónar	• Börnin skammt sér sjálf með aðstoð, smyrja sjálf og hella • 2+3=5 saltstangir í afmælum • Útileikir eins og fram fram fylking, hlaupa í skarðið, ein ég sit og sauma o.s.frv. • Aðstoða börnin við að velja útifatnað í samræmi við veðurfar • Hvíldarstund í hádegi - hlustað í rólegheitum á dýnum • Tveir borðþjónar í einu einn dag í einu • Afmælisbarn sáir fræi sem tekur með heim (t.d. kryddjurtir)
Sköpun og menning	
Markmið	Leiðir
• Skapandi starf í dagsins önn, inni og úti • Nýta heimspeki dauðu músarinnar, t.d. sveppir, covid • Nota mismunandi málningu • Gefa tækifæri til að gera tilraunir	• Teikna sjálfsmynd haust og vor • Mála á trönur tvisvar til þrisvar sinnum • Nota fjölbreyttan efnivið í sköpun • Tengja könnunarleiðina í þemavinnu • Hvert barn á sinn vef og vefar um það bil tvisvar sinnum í viku • Hafa leir í boði flesta daga • Útikennsla fyrir hvert barn 1-2 skipti í viku.
Grænfánamarkmið - Lýðheilsa	
Markmið	Leiðir
Hreyfing/slökun/jafnvægi	1. Aðstoða til hreyfileikja 2. Júðósalur, gönguferðir, skógarferðir 3. Tími til slökunar á móti/rólegir leikir
Mataræði	1. Rækta 2. Ýta undir að kynnast mismunandi tegundum 3. Matur úr nærumhverfinu

5.2.3. Mánasteinn og Huldusteinn

Á Mánasteini eru börn fædd 2018 og 2019 og á Huldusteini eru börn fædd 2018.

Læsi og samskipti	
Markmið	Leiðir
Tilfinningar: Læra að lesa í tilfinningar sínar og annarra.	Umræður, vera fyrirmyndir.
Tjáning: Jákvætt hugarfar, vellíðan	Lesi sögur, efla félagsfærni, tákn með tali
Umhverfi: Örvandi og hvetjandi umhverfi	Merkingar og sjónrænt. Bækur aðgengilegar
Málþroski: Efla málþroska og málskilning	Söngstundir, sögustundir, málörvun, Lubbastundir.



Starfsskýrsla Álfheima 2020-2021

Sjálfbærni og vísindi	
Markmið	Leiðir
Grænfáninn: Náttúran og umhverfið.	Læra á náttúruna og nánasta umhverfi, flokkun og endurvinnsla.
Skógarferðir: Þar er sjálfbærni og vísindi.	Vísindi að skoða og læra á náttúruna og umhverfið.
Vísindatími: Athuganir og tilraunir með börnunum.	Fá að upplifa vísindi, skoða og upplifa í daglegu starfi og nýja spennandi hluti.
Lýðræði: Leyfa börnunum að hafa lýðræði.	Leyfa börnunum að velja mat einu sinni á mánuði, kosningar og innleiða lýðræði með þeim.
Heilbrigði og vellíðan	
Markmið	Leiðir
Matarræði: Fræða börnin um fjölbreytt fæði.	Fjölbreytt og hollt fæði. Taka út unnar matvörur.
Hreyfiþroski: Auka hreyfiþroska barna.	Útivera, gönguferðir og íþróttir/hreyfistundir og jóga.
Hvöld: Öll börn fá nægilega hvöld.	Hvöld einu sinni á dag í boði. Slökun og jóga.
Hreinlæti: Kenna börnunum hreinlæti.	Þvo sér, þrif og almennt hreinlæti.
Sköpun og menning	
Markmið	Leiðir
Fjölbreytt menning: hefðir, fjölbreytt menning frá þjóðernum	Innleiða mismunandi hefðir
Umhverfi: nánasta umhverfi	Þjóða fjölbreytt efni til að tjá sig í sköpun. Læra menningarlegt umhverfið(nánasta).
Heimspeki: Heimspekilegar samræður	Heimspekilegar samræður með börnunum og leyfa þeim að ræða um það sem þau óska.
Listsköpun: sem minnst inngrip.	Þjóða upp á fjölbreyttan efnivið, listakrök, tengja nánast umhverfi í sköpun, þjóða sköpun inn og líka úti. Prik úti að teikna, penslar með vatn, o.fl.
Grænfánamarkmið - Lýðheilsa	
Markmið	Leiðir
Auka hreyfingu	- Útivist a.m.k. einu sinni á dag. - Skipulögð hreyfistund út á Engi einu sinni í viku. - Jóga/slökun - Hvetja börnin til sjálfstæðis
Vínátta	- Efla tengsl milli deilda - Efla félagsfærni
Auka grænmetisneyslu barna	- Fræða börn um allskyns grænmeti og ávexti - Fræðsla sett inn einu sinni í viku í hópastarfi - Grænmeti sem álegg í kaffitíma - Teymisfundur með eldhúsi



6. Fylgiskjöl

Samþykkt foreldraráðs

Leikskóladagatal 2019-2020

Leikskóladagatal 2020-2021



Foreldraráð Álfheima hefur lesið yfir Ársskýrsluna og samþykkt hana.

Í foreldraráði eru:

Salome Huldu Gunnarsdóttir (foreldri á Óskasteini)

Erna Karen Óskarsdóttir (foreldri á Dvergasteini)

Gunnhildur Stella Pálmarsdóttir (foreldri á Óskasteini)



Samband Íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2019 - 2020

Starfsskýrsla Álfheima 2020-2021

Nafn skóla: Leikskólinn Álfheimar

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Miðdagur	1 L	1 S	1 M	1 F Vorkafardagurinn	1 M Annar/þriðjunn	1 M
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F sumarfrið
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M Skipulagsdagur	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F sumarfrið
4 S	4 M	4 F Haustþing	4 M Skipulagsdagur	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 M Friðdagur vaxtanarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S Pálmarsunnudagur	5 Þ	5 F	5 S
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M Þrettándinn	6 F Dagur leikskólans	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M sumarfrið
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F Dagur starfsfólkanna	7 L	7 Þ	7 F	7 S Síðmannadagurinn	7 Þ sumarfrið
8 F Skipulagsdagur	8 S Dagur lausis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einhlið	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M Súkur dagur	8 F	8 M	8 M sumarfrið
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F Skírdagur	9 L	9 Þ Rugldagur	9 F sumarfrið
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 Þ	10 F Fátudagurinn langi	10 S	10 M Skipulagsdagur	10 F sumarfrið
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F Starfsmannafundur	12 S Þáskudagur	12 Þ	12 F	12 S
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 M Annar/þriðjunn	13 M	13 L	13 M sumarfrið
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ sumarfrið
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M Ráfmagnslaus dagur	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M sumarfrið
16 F	16 M Dagur íslenskra náttúra	16 M	16 L Dagur íslenskra tungu	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F sumarfrið
17 L	17 Þ Starfsmannafundur	17 F	17 S	17 Þ Litlu jólin	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 M Lífsveldisdagurinn	17 F sumarfrið
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M Skóladaður útbætur	18 L	18 M	18 F	18 L
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ Útskriftarferð	19 F	19 S
20 Þ	20 F	20 S	20 M Dagur mannréttinda barna	20 F	20 M	20 F	20 S	20 M	20 M	20 L	20 M sumarfrið
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ	21 F Uppfátignisdagur	21 S	21 Þ sumarfrið
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M sumarfrið
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M Þarlsdagsmessa	23 F	23 S Konudagur	23 M	23 F Sumardagurinn fyrsti	23 L	23 Þ	23 F sumarfrið
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ Ástfangadagur jóla	24 F Bændadagskafi	24 M Konudagskafi	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F sumarfrið
25 S	25 M	25 F Bangs dagur	25 M	25 L Jóladaður	25 L	25 Þ Sprengidagur	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L
26 M	26 F Evrópuhitungumíldadagur	26 L Fyrirtæktardagur	26 Þ	26 F Annar jólamessa	26 S	26 M Mörkudagur	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 S	27 M	27 M	27 L	27 M sumarfrið
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F Útskrift	28 S	28 Þ sumarfrið
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M sumarfrið
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F Þarablaðsvartur dagur	30 F	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F sumarfrið
31 L	31 F	31 F	31 L	31 Þ Gamli árdagur	31 F	31 L	31 Þ	31 S	31 S Hvítarunnudagur	31 L	31 F Tíllagning 5. ágúst 2020



Starfsskýrsla Álfheima 2020-2021

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: **Álfheimar**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 M	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F
24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F			29 M	29 L	29 Þ	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L			30 Þ	30 F	30 M	30 M
31 M		31 L		31 F	31 S		31 M		31 M		Opnum eftir sumarlokun 5. ágúst